

FUNDARGERÐ	Tílefni funda Fundur vegna nýrra tillagna um svæðisskiptingu í stjórnunar- og verndaráætlun Fjallabaks		Síða 1
Dags. funda 17.11.20	Tími 16:00-17:00	Staður Fjarfundur á Teams	Nr. fundar 1/1
Fundarboðandi Umhverfisstofnun	Fundarritari Þórdís Björt Sigþórsdóttir		
Fundarmenn Elín Björg Ragnarsdóttir (UST), Þórdís Björt Sigþórsdóttir (UST), Hákon Ásgeirsson (UST), Hildur Vésteinsdóttir (UST), Arnar Bergmann (LÍV), Ríkharður Sigmundsson (LÍV), Sveinbjörn Halldórsson (F4x4), Sveinn Sigurður Kjartansson og Jón Páll Baldvinsson (FETAR)			
Fundarefni			
<ol style="list-style-type: none"> 1. Dagskrá og markmið fundar. 2. Hákon fer yfir vinnuna á bak við breytingu á svæðisskiptingu og niðurstöðu hennar 3. Álit hvers félagasamtaka fyrir sig á breyttri svæðisskiptingu 4. Niðurstaða fundar 			
<ol style="list-style-type: none"> 1. Fundarstjóri fór yfir dagskrá og markmið fundar. 2. Umhverfisstofnun fékk gögn frá ÍSOR sem unnið var með og voru niðurstöður frá þeirri vinnu kynntar á fundinum. Hverasvæðin voru kortlögð á mun nákvæmari hátt með aðstoð frá sérfræðingum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Með nákvæmari gögnum var mögulegt að brjóta svæðin niður og minnka þannig svæðin þar sem vetrarumferð er óheimil. Hvert svæði sem verndað er fyrir umferð er einnig með áhrifsvæði sem nær í 50 metra radíus, en sérfræðingar NÍ lögðu það til í því skyni að vernda viðkvæm jarðhitasvæði í kringum hverina. 			
3. Svæðaskipting og fleira sem kom til umræðu			
A) Svæðaskipting			
Fundarmenn sammála um að þarna sé komin tillaga sem sé allt önnur og betri en upprunaleg tillaga og allir ættu að geta fylgt sér á bakvið. Þökkuðu fundarmenn UST fyrir þá vinnu sem lögð hefur verið í breytingarnar. Núverandi takmarkanir byggja á rauntíma gögnum fyrir vinnuna og að byggja lokanir á rauntíma gögnum þ.e. hvar hverasvæðin eru sem þarf að vernda.			
Umræða um boð og bönn og hvort möguleiki væri á að sleppa því að nota þau orð. Bent var á að séu þetta hættuleg svæði vill enginn hvorki gangandi akandi fara yfir þau. Ein hugmynd sem lögð var fram var að hugsa þetta eins og sprungusvæði á jöklum.			
Umhverfisstofnun bendir á að það er ekki hægt að líkja þessu við sprungusvæði þar sem einnig er verið að taka tillit til verndargildis og ætlunin að setja reglur vegna verndunar hveranna, ábyrgð Umhverfisstofnunar að vernda svæðið.			
Umhverfisstofnun er sammála því að boð og bönn séu ekki alltaf besta leiðin en stofnunin ber ábyrgð á verndun náttúru svæðisins og er búin að leggja sig fram við að koma til móts við sjónarmið			

þeirra sem vilja ferðast um svæðið á veturna. Lagt er til að á svæði 1 verði akstursbann en þau svæði hafa verið minnkuð umtalsvert frá fyrri tillögu til að rýmka fyrir vetrarumferð.

Bent var á mikilvægi þess að útskýra vel af hverju þetta er bannað.

Rætt um möguleikann á því hvort einhver geti farið aftur til baka í þær lokanir sem lagðar voru til í fyrri tillögu án þess að rök séu færð fyrir því. Umhverfisstofnun bendir á að öll þessi vinna er gerð í nánu samstarfi við sérfræðinga um jarðhita hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, þetta er niðurstaðan af þeirri vinnu. Verði gerðar breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun verður haft samráð um þær breytingar og fyrir þeim þurfa að liggja málefnaleg rök.

B) Varðandi 31. gr. náttúruverndarlaga

Umræða um aðra málsgrein í 31. gr. náttúruverndarlaga þar sem segir: „Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jökulum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis svo fremi jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætt á náttúruspjöllum.“ Í því sambandi var bent á að þær reglur sem Umhverfisstofnun hefur gert tillögu um þrengja ákvæði náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á stofnunin hefur heimild til að útfæra eða þrengja almennar reglur náttúruverndarlaga í því skyni að vernda sérstök svæði. Í sömu grein segir einnig: „Sérreglur um takmörkun á akstri utan vega í auglýsingu um friðlýsingu svæðis eða í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið ganga framar undanþágum frá banni við akstri utan vega skv. 1. og 2. mgr“.

Fundarmenn voru ósáttir við að skilgreiningu náttúruverndarlaganna varðandi akstur utan vega væri breytt og töldu að breytingarnar hefðu ekki stoð í lögum. Í ljósi þess mun Umhverfisstofnun breyta orðalagi áætlunarinnar. Áður sagði í áætlun: „Vetrarumferð vélknúinna ökutækja á snjó utan vega óheimil“ – orðalaginu hefur verið breytt og segir nú „ Á svæðinu gilda ekki ákvæði um undanþágur frá akstri utan vega skv. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd nema hvað varðar björgunarstörf.“

C) Varðandi drónaflug

Umræða var um hvort drónabann væri algilt innan friðlandsins?

Umhverfisstofnun bendir á að þessi regla gengur út á að standa vörð um öræfakýrrð sem fólk kemur þarna til að njóta. Margir fletir við notkun dróna en upp hafa komið allskonar tilvik þar sem verið er að taka myndir af fólki, allskonar sjónarmið. Umhverfisstofnun mun taka regluna til skoðunar m.t.t. mögulegra breytinga en benti einnig á að mjög einfalt er að sækja um leyfi til stofnunarinnar.

D) Kortagerð varðandi svæðaskiptingu

Umræða var um mikilvægi þess að hafa svæðaskiptingu í GPS kortum. Umhverfisstofnun birtir öll hnit varðandi mörk og svæðaskiptingu og aðrar landupplýsingar á heimasíðu sinni gjaldfrjálst.

Ríkharður kynnti fyrir fundarmönnum hvernig hægt er að vinna þetta hjá Garmin og hvernig hægt sé að dreifa þessum kortum sjálfkrafa í ný tæki. Þá voru einnig kynntar ólíkar útfærslur á því hvernig hægt er að nálgast kortin fyrir eldri tæki, en boðið verður upp á útgáfu sem hægt er að leggja yfir eldri kort gjaldfrjálst. Rætt var um að kortin ættu einnig að vera aðgengileg á pdf formi sem er hægt að vista í símu og spjalddölvum.

Umræða um orðalag á kortunum og bent á að áhrifaríkast væri að textinn sem kemur upp á kortinu sé beinskeyttur *akstursbann hverasvæði/hættusvæði/hverasvæði*, eða sambærilegt.

D) Viðurlög ef keyrt er inn á svæðin

Rætt var viðurlög, hvað gerist ef ekið er inn á bannsvæði? Er viðkomandi kærður fyrir að sveigja inn á svæðið?

Umhverfisstofnun er heimilt að setja fram reglur á grundvelli náttúruverndarlaga, viðurlög eru samkvæmt þeim lögum. Gera má ráð fyrir að tekið yrði svipað á málum og vegna aksturs utan vega.

4. Niðurstaða fundar – eru menn sammála um nýja svæðaskiptingu?

Fundarmenn almennt ánægðir með þá vinnu sem hefur farið fram og eins eru fundarmenn sammála mikilvægi samstarfsins og að halda áfram þessu samstarfi.

Fundarmenn samþykkja breytingar á áætlun. FETAR setja þó fyrirvara um að þeir vilji fara og skoða svæðin með tilliti til kortagerðar.

Fundið slitið 17:15